


Verðlagseftirlit ASÍ hefur undanfarið fylgst með því hvernig lækkanir á virðisaukaskatti og vörugjöldum þann 1. mars sl. skila sér út í verðlag til neytenda og birtir nú niðurstöður um verðbreytingar í nokkrum verslunarkeðjum. Hér eru birtar niðurstöður úr viðamiklum verðmælingum í fimm verslunarkeðjum Hagkaupum, Nóatúni, Kjarval og klukkubúðunum 10-11 og 11-11. Til þess að fylgjast með verðþróun í verslunum fyrir breytinguna hóf verðlagseftirlitið verðmælingar í desember 2006. Frá desember 2006 til febrúar 2007 var vegin verðhækkun í þessum verslunarkeðjum mest í verslunum 10 -11, 4,3%. Í Kjarval hækkaði verð um 2,7% milli desember og febrúar og í 11 - 11 um 2,1%. Minni hækkun var í Hagkaupum þar sem vegin verðbreyting var 1,6% á tímabilinu og minnst hækkun var í verslunum Nóatúns eða 1,3% frá því í desember og fram í febrúar. Þegar verðbreytingar eru skoðaðar á tímabilinu frá febrúar og fram í mars þegar virðisaukaskattur og vörugjöld á matvörum voru lækkuð má sjá að verðlækkanir í þeim verslunarkeðjum sem hér eru skoðaðar voru á bilinu 4,4 – 8,5%. Vegin verðlækkun var minnst í verslunum 10 - 11 eða 4,4% milli mánaða. Mest verðlækkun var í 11 - 11 þar sem vegin verðlækkun var 8,5% milli febrúar og mars.



Af einstaka vöruflokkum þá lækka gosdrykkir, safar og kolsýrt vatn mest í öllum verslunarkeðjunum. Þá lækkar verð á sykri, sætindum og súkkulaði auk vöruflokksins kaffi, te og kakó næstmest.

Verðbreytingar á vöruflokkum										
	Hagkaup		Nóatún		Kjarval		10 - 11		11 - 11	
	Des - Feb	Feb - Mars	Des - Feb	Feb - Mars	Des - Feb	Feb - Mars	Des - Feb	Feb - Mars	Des - Feb	Feb - Mars
Brauð og kornvörur	1,8%	-5,4%	1,5%	-6,6%	0,9%	-6,6%	4,2%	-5,4%	3,0%	-7,4%
Kjöt	1,7%	-4,9%	-0,8%	-2,2%	3,3%	-1,0%	0,1%	-3,8%	1,1%	-6,6%
Fiskur	8,7%	-7,2%	12,4%	-7,6%	5,6%	-1,3%	6,7%	-10,6%	13,8%	-3,4%
Mjólk, ostar og egg	0,0%	-6,0%	3,1%	-3,6%	1,2%	-5,8%	1,3%	-4,7%	0,6%	-6,7%
Olíur og feitmeti	1,3%	-3,3%	7,8%	-10,1%	2,5%	-6,6%	9,6%	-6,6%	3,8%	-6,6%
Avextir	-3,4%	-9,1%	-4,2%	6,7%	1,1%	-6,2%	5,1%	-5,8%	-1,9%	-8,0%
Grænmeti og kartöflur	3,1%	-5,6%	-4,0%	0,2%	7,2%	-6,9%	12,2%	-5,2%	3,5%	-11,2%
Sykur, súkkulaði og sætindi	0,8%	-11,6%	1,6%	-10,7%	0,8%	-10,3%	7,9%	8,9%	0,7%	-12,4%
Aðrar matvörur	0,9%	-6,1%	2,3%	-6,4%	2,1%	-6,2%	5,0%	-5,2%	-0,4%	-3,3%
Kaffi, te og kakó	5,7%	-10,2%	5,3%	-8,2%	4,2%	-6,6%	3,5%	-5,9%	3,4%	-7,7%
Gos, safar og vatn	2,1%	-19,0%	-0,7%	-20,8%	5,9%	-15,4%	5,4%	-13,9%	2,4%	-17,3%

Hagstofa Íslands áætlaði í upphafi árs að lækkun á virðisaukaskatti myndi lækka verð á mat og drykkjarvörum um 7,4% og niðurfelling á vörugjöldum um 1,3% til viðbótar. Lækkun á virðisaukaskatti átti að skila sér í vöruverði til neytenda þegar um sl. mánaðarmót þegar breytingin tók gildi en lækkanir vegna niðurfellingar á vörugjöldum geta hins vegar tekið 1-2 mánuði að skila sér að fullu út í vöruverð.

Verðmælingar verðlagseftirlits ASÍ voru gerðar í verslunarkeðjunum um land allt og stóðu yfir í um vikutíma í senn í desember, febrúar og mars. Rétt er að taka fram að ekki er um verðsamanburð á milli verslanakeðja að ræða heldur er hér einungis lagt mat á verðbreytingar innan hvernar keðju fyrir sig. Við útreikninga á verðbreytingum verslana er reiknuð út vegin breyting á verði vörukörfu í hverri verslunarkeðju. Grunnar að vog vörukörfunnar er byggður á þeirri vog sem Hagstofa Íslands notar til útreiknings á vísitölu neysluverðs.

Óheimilt er að vitna í niðurstöðurnar í auglýsingum og við sölu nema með heimild ASÍ